Nær yfir flutninga með járnbrautarlestum. Frekari undirflokkunar í farþegaflutninga með járnbrautum (kóði 220), vöruflokkunum með járnbrautum (kóði 221) og aðra flutninga með járnbrautum er krafist.

**Vegaflutningar (kóði 223)**

Nær yfir flutninga með vöruflokkunum og fólksflutningabílum. Frekari undirflokkunar í farþegaflutninga á vegum (kóði 224), vöruflokkunum á vegum (kóði 225) og aðra flutninga á vegum er krafist.

**Flutningar á skipgengum vatnaleiðum (kóði 227)**

Nær til millilandaflutninga á ám, skipaskurðum og vötnum. Innifaldar eru vatnaleiðir sem eru innan eins lands og leiðir sem skiptast á milli tveggja eða fleiri landa. Frekari undirflokkunar í farþegaflutninga á skipgengum vatnaleiðum (kóði 228), vöruflokkunum á skipgengum vatnaleiðum (kóði 229) og aðra flutninga á skiptgengum vatnaleiðum (kóði 230) er krafist.

**Flutningar um leiðslur og rafmagnsdreifing (kóði 231)**

Nær yfir millilandaflutninga á vörum um leiðslur. Einnig eru innifalin gjöld fyrir flutning á rafmagni þegar þau eru aðgreind frá framleiðslu- og dreifingarferlinu. Sjálf afhending rafmagnsins er undanskilin, sem og afhending olíu og skyldra vara, vatns og annara vara sem dreift er um leiðslur. Einnig er undanskilin dreifingarþjónusta á rafmagni, vatni, gasi og öðrum olíuvörum (innifalið í Önnur viðskiptaþjónusta (kóði 284)).

**Önnur flutningaþjónusta (kóði 232)**

Önnur flutningaþjónusta nær yfir alla aðra flutningaþjónustu sem ekki er hægt að flokka undir neinn af þeim hlutum flutningsþjónustu sem lýst er hér að framan.

**Ferðaþjónusta (kóði 236)**

Ferðaþjónusta nær aðallega yfir vörur og þjónustu sem ferðamenn frá einu hagkerfi afla sér í heimsóknum til annars hagkerfi sem vara í skemmri tíma en eitt ár. Pessar vörur og þjónustu eru keyptar af, eða fyrir hönd, ferðamannsins eða látnar í té án þess að nokkuð komi í staðinn (þ.e. eru afhentar að gjöf) og getur ferðamaðurinn notað þær eða gefið. Undanskildir eru flutningar með farþega innan hagkerfisins, sem þeir heimsækja, þar sem slíkur flutningur er veittur af flutningsaðilum sem ekki eru búsettir í hagkerfinu, sem heimsótt er, ásamt flutningi ferðamanna milli landa. Þessir flutningar falla undir farþegaflutninga í flutningastarfsemi. Einnig eru vörur sem ferðamenn kaupa til endursölu í eigin hagkerfi eða öðru hagkerfi undanskildar. Ferðaþjónusta skiptist í two undirhluta: Viðskiptaferðir (kóði 237) og einkaferðir (kóði 240).

**Viðskiptaferðir (kóði 237)**

Viðskiptaferðir ná yfir kaup ferðamanna í viðskiptaerindum á vörum og þjónustu. Felur einnig í sér kaup starfsmanna í árstíðabundnum störfum, starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri og annarra starfsmanna, sem eru búsettir í hagkerfinu, þar sem þeir starfa, og vinna hjá vinnuveitenda sem er búsettur í því hagkerfi, á vörum og þjónustu til einkanota. Viðskiptaferðum er skipt enn frekar í Útgjöld starfsmanna í árstíðabundnum störfum og starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri (kóði 238) og Aðrar viðskiptaferðir (kóði 239).

**Útgjöld starfsmanna í árstíðabundnum störfum og starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri (kóði 238)**

Felur í sér kaup starfsmanna í árstíðabundnum störfum, starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri og annarra starfsmanna sem ekki eru búsettir í hagkerfinu, þar sem þeir starfa, og vinna hjá vinnuveitenda sem er búsettur í því hagkerfi á vörum og þjónustu til einkanota.

**Aðrar viðskiptaferðir (kóði 239)**

Nær yfir allar viðskiptaferðir (kóði 237) sem ekki eru innifaldar í Útgjöldum starfsmanna í árstíðabundnum störfum og starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri (kóði 238).

**Einkaferðir (kóði 240)**

Einkaferðir ná yfir vörur og þjónustu sem ferðamenn kaupa á ferðum erlendis öðrum en viðskiptaferðum, s.s. frí, þáttöku í tómstunda- og menningarstarfsemi, heimsóknir til vina og ættingja, pílagrímsferðir og menntunar- og heilsutengdar ferðir. Einkaferðum (kóði 240) er skipt í þrjá undirflokk: Heilsutengd útgjöld (kóði 241), menntunartengd útgjöld (kóði 242) og aðrar einkaferðir (kóði 243).

**Heilsutengd útgjöld (kóði 241)**

Þau eru skilgreind sem heildarútgjöld þeirra sem ferðast af heilsufarsástæðum.

**Menntunartengd útgjöld (kóði 242)**

Skilgreind sem heildarútgjöld nemenda.

**Aðrar einkaferðir (kóði 243)**

Nær yfir allar einkaferðir (kóði 240) sem ekki eru innifaldar í heilsutengdum útgjöldum (kóði 241) eða menntunartengdum útgjöldum (kóði 242).

**Önnur þjónusta (kóði 981)**

Öll þjónusta (kóði 200) sem ekki er innifalin í flutningastarfsemi (kóði 205) eða ferðaþjónustu (kóði 236).

**Fjarskiptaþjónusta (kóði 245)**

Nær yfir póst- og boðberaþjónustu (kóði 246) og fjarskiptaþjónustu (kóði 247).

**Póst- og boðberaþjónusta (kóði 246)**

Nær yfir póstþjónustu (kóði 958) og boðberaþjónustu (kóði 959).

**Póstþjónusta (kóði 958)**

M.a. biðpóstsbjónusta, símskeytaþjónusta og póstafgreiðsluþjónusta, s.s. sala á frímerkjum, póstávísanir o.s.frv. Oft, en ekki eingöngu, eru það ríkisrekin póstfyrirtæki sem veita póstþjónustu. Póstþjónusta er háð alþjóðasamningum og flæði milli rekenda í mismunandi hagkerfum skal fært á vergum grunni.

**Boðberajónusta (kóði 959)**

Boðberajónusta snýr að hraðsendingum og sendingum heim til viðtakenda. Boðberar geta notað eigin farartæki, samnýttar einkasamgöngur eða almenningssamgöngur til að veita þessa þjónustu. Innifalin er hraðsendigarþjónusta sem gæti t.d. falið í sér að sendingar séu sóttar samkvæmt tilkynningu eða að afhending miðist við fastan tíma.

**Fjarskiptaþjónusta (kóði 247)**

Nær yfir flutning á hljóði, myndum eða öðrum upplýsingum með síma, telex, símskeytum, útvarp- og sjónvarpssendingum með köplum og í lofti, gervihnöttum, tölvupósti, faxi o.s.frv., að meðtalinni netþjónustu í viðskiptalegum tilgangi, fjarfundahjónustu og stoðþjónustu. Þetta nær ekki yfir verðmæti upplýsinganna sem fluttar eru. Einnig er innifalin farsímaþjónusta, grunnnetsþjónusta fyrir Internet og netaðgangsþjónusta, þ.m.t. veiting aðgangs að Netinu.

**Byggingarþjónusta (kóði 249)**

Nær yfir byggingarstarfsemi erlendis (kóði 250) og byggingarstarfsemi í samantektarhagkerfi (kóði 251).

**Byggingarstarfsemi erlendis (kóði 250)**

Nær yfir byggingarþjónustu, sem fyrirtæki með aðsetur í samantektarhagkerfinu veitir aðilum sem eru ekki búsettir í hagkerfinu (kredit), og vörur og þjónustu sem þessi fyrirtæki kaupa í gistiþagkerfinu (debet).

**Byggingarþjónusta í samantektarhagkerfi (kóði 251)**

Nær yfir byggingarþjónustu sem byggingarfyrirtæki sem eru ekki með aðsetur í samantektarhagkerfinu veita íbúum með aðsetur í samantektarhagkerfinu (debet) og vörur og þjónustu sem þessi fyrirtæki erlendis kaupa í samantektarhagkerfinu (kredit).

**Tryggingaþjónusta (kóði 253)**

Nær yfir sölu tryggingafyrirtækja í landinu á ýmsum gerðum trygginga til aðila sem eru ekki með búsetu í landinu og öfugt. Þessi þjónusta er metin eftir þjónustugjöldunum sem eru innifalin í heildariðgjöldunum fremur en heildarvirði iðgjaldanna. Hún nær yfir líftryggingar og lífeyrissjóði (kóði 254), farmtryggingar (kóði 255), aðrar frumtryggingar (kóði 256), endurtryggingar (kóði 257) og stoðþjónustu (kóði 258).

**Líftryggingar og lífeyrissjóðir (kóði 254)**

Handhafar líftrygginga, með og án hagnaðarkröfu, inna regulegar greiðslur af hendi til vátryggjanda (það kann að vera aðeins ein greiðsla) í staðinn fyrir að vátryggjandi ábyrgist að greiða líftryggingartaka umsama lágmarksupphæð eða lífeyri á tilteknun degi eða við andlát ef það verður fyrir. Líftryggingar, þar sem bætur eru greiddar við andlát en engar aðrar aðstæður, eru ein tegund frumtrygginga og eru undanskildar hér og teknar með í öðrum frumtryggingum (kóði 256).

Lífeyrissjóðir eru sérstakir sjóðir sem stofnaðir eru til að veita tilteknunum hópum launþega tekjur við starfslok. Þeir eru skipulagðir og reknir af launagreiðendum í einkarekstri eða opinbera geiranum eða sameiginlega af launagreiðendum og launþegum. Þeir eru fjármagnaðir með framlögum frá launagreiðanda og/eða launþegum og með fjárfestingartekjum af eignum sjóðanna og þeir stunda einnig fjármálaviðskipti á eigin vegum. Þeir fela ekki í sér almannatryggingakerfi sem skipulagt er fyrir stóra hluta samfélagsins sem er komið á, stjórnað eða fjármagnað af hinu opinbera. Þjónusta tengd stjórnun lífeyrissjóða er innifalin. Þegar um er að ræða lífeyrissjóði eru „iðgjöld“ almennt kölluð „framlög“ og „bætur“ eru almennt kallaðar „lífeyrir“.

#### **Farmtryggingar (kóði 255)**

Farmtryggingarþjónusta tengist tryggingum á vörum sem verið er að flytja inn eða út á grundvelli sem samræmist mati á vörum á fob-verði og vörurflutningum.

#### **Aðrar frumtryggingar (kóði 256)**

Aðrar frumtryggingar ná yfir allar aðrar tegundir skaðatrygginga. Innifaldar eru líftryggingar, slysa- og sjúkratryggingar (nema þær séu veittar sem hluti af opinberu almannatryggingakerfi), sjó-, loft- og aðrar flutningstryggingar, brunatryggingar og aðrar eignatryggingar, tryggingar vegna fjárhagslegs tjóns, almennar ábyrgðartryggingar og aðrar tryggingar, s.s. ferðatryggingar og tryggingar sem tengast lánum og greiðslukortum.

#### **Endurtryggingar (kóði 257)**

Endurtryggingar eru það ferli að fela undirverktökum hluta tryggingaáhættunnar, gjarnan sérhæfðum rekstraraðilum, í skiptum fyrir hlut í iðgjaldatekjum. Endurtryggingaviðskipti geta tengst pökkum þar sem nokkrum tegundum áhættu er blandað saman.

#### **Stoðþjónusta (kóði 258)**

Nær yfir viðskipti í tengslum við tryggingastarfsemi og starfsemi lífeyrissjóða, þ.m.t. þóknanir umboðsmanna, tryggingamiðlun og þjónusta tryggingaumboða, ráðgjafabjónusta vegna vátrygginga og lífeyrismála, mats- og uppgjörshjónusta, tryggingafræðileg þjónusta, stjórnun björgunaraðgerða og stjórnsýslu- og eftirlitsþjónusta vegna bóttagreiðslna og innheimtuþjónustu.

#### **Fjármálapjónusta (kóði 260)**

Þetta nær yfir fjármálapjónustu og stoðþjónustu, undanskilin eru líftryggingarfyrirtæki og lífeyrissjóðir (sem eru innifalin í líftryggingum og lífeyrissjóðum) og önnur tryggingarþjónusta sem íbúar í landinu veita hverjir öðrum og aðilum sem ekki eru með búsetu í landinu. Slíksa þjónustu má veita í bönkum, kauphöllum, kröfukaupafyrirtækjum, kreditkortafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum. Innifalin er þjónusta sem veitt er í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga auk annarar þjónustu sem tengist fjármálastarfsemi, s.s. ráðgjafar-, fjárvörslu- og eignastýringarþjónustu.

#### **Tölvu- og upplýsingabjónusta (kóði 262)**

Nær yfir tölvubjónustu (kóði 263) og upplýsingabjónustu (kóði 264).

**Tölvuþjónusta (kóði 263)**

Nær yfir vélbúnaðar- og hugbúnaðartengda þjónustu og gagnavinnsluþjónustu. Innifalin er ráðgjöf og uppsetningaráðjónusta vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar, viðhald og viðgerðir á tölvum og jaðarbúnaði, þjónusta tengd lagfaringum eftir tölvuhrun, ráðgjöf og aðstoð í tengslum við umsjón með tölvubúnaði, greining, hönnun og forritun á kerfum sem tilbúin eru til notkunar (þ.m.t. vefsíðugerð og -hönnun) og tæknileg ráðgjöf varðandi hugbúnað; þróun, framleiðslu, afhendingu og skjalagerð á sérhönnuðum hugbúnaði, þ.m.t. stýrikerfi sem gerð eru eftir pöntun fyrir tiltekna notendur, kerfisviðhald og önnur stuðningsþjónusta, s.s. þjálfun sem veitt er sem hluti af ráðgjöf, gagnavinnsluþjónusta, s.s. gagnainfærsla, uppsetning og vinnsla á skiptivinnslugrunni, vefsíðuvistun (þ.e. að veita rými á netþjónum á Netinu til að hýsa vefsíður viðskiptavina) og umsjón með tölvuaðstöðu.

**Upplýsingaþjónusta (kóði 264)**

Nær yfir fréttastofuþjónustu (kóði 889) og aðra upplýsingamiðlunarþjónustu (kóði 890).

**Fréttastofuþjónusta (kóði 889)**

Fréttastofuþjónusta felur í sér miðlun frétta, ljósmynda og greina til fjölmíðla.

**Önnur upplýsingamiðlunarþjónusta (kóði 890)**

Felur í sér gagnagrunnsþjónustu - hönnun gagnagrunna, gagnageymslu og miðlun gagna og gagnagrunna (þar á meðal símaskrá og póstlista) - bæði á neti og á segulmiðlum, geisladiskum eða prentuðu formi og vefleitargáttir (leitarvélþjónusta sem finnur veföng fyrir notendur sem færa inn leitarorð). Felur einnig í sér beina áskrift að dagblöðum og tímaritum í litlu magni hvort sem er með pósti, rafrænum sendingum eða öðrum leiðum.

**Rétthafagreiðslur og leyfisgjöld (kóði 266)**

Nær yfir sérleyfi og svipuð réttindi (kóði 891) og aðrar rétthafagreiðslur og leyfisgjöld (kóði 892).

**Sérleyfi og svipuð réttindi (kóði 891)**

Nær yfir alþjóðlegar greiðslur og móttöku sérleyfisgalda og rétthafagreiðslur vegna notkunar á skráðum vörumerkjum.

**Aðrar rétthafagreiðslur og leyfisgjöld (kóði 892)**

Felur í sér alþjóðlegar inn- og útgreiðslur vegna leyfðrar notkunar á auðlindum, óáþrefanlegum eignum, fjármunum öðrum en fjáreignum og eignarréttindum (s.s. einkaleyfum, höfundarrétti, iðnframleiðslu og -hönnun) og notkun, með leyfissamningum, á framleiddum frumrítum eða frumgerðum (s.s. handritum, tölvuforritum og kvíkmyndaverkum og hljóðritunum).

**Önnur viðskiptaþjónusta (kóði 268)**

Nær yfir verslun og aðra þjónustu í viðskiptum (kóði 269), rekstrarleiguþjónustu (kóði 272) og ýmsa viðskipta-, sérfræði- og tæknipjónustu (kóði 273).

**Verslun og önnur þjónusta í viðskiptum (kóði 269)**

Nær yfir verslun (kóði 270) og aðra þjónustu í viðskiptum (kóði 271)

**Verslun (kóði 270)**

Verslun er skilgreind sem kaup íbúa í samantektarhagkerfinu á vöru frá aðilum sem ekki eru með búsetu í hagkerfinu og endursólu vörunnar til annars aðila sem ekki er með búsetu í hagkerfinu án þess að varan komi inn í eða yfirgefi samantektarhagkerfið meðan á ferlinu stendur.

**Önnur þjónusta í viðskiptum (kóði 271)**

Nær yfir umboðslaun vegna viðskipta með vörur og þjónustu á milli a) innlendra kaupmanna, vörumiðlara, sölumanna og umboðsmanna og b) aðila sem ekki eru með búsetu í landinu.

**Rekstrarleiguþjónusta (kóði 272)**

Nær yfir leigu íbúa í landinu/aðila sem ekki eru með búsetu í landinu á skipum, flugvénum og flutningabúnaði, án stjórnenda, járnbrautarvögnum, gánum og æki, án áhafnar.

**Ýmis viðskipta-, sérfræði- og tæknipjónusta (kóði 273)**

Skiptist í lögfræði, bókhald, rekstrarráðgjöf og almannatengsl (kóði 274), auglýsingar, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir (kóði 278), rannsóknir og þróunarstarf (kóði 279), arkitektapjónustu, verkfræðipjónustu og aðra tæknipjónustu (kóði 280), landbúnað, námugrött og úrvinnsluþjónustu á vettvangi (kóði 281), aðra viðskiptaþjónustu (kóði 284) og þjónustu við skyld fyrirtæki, ót. a. (kóði 285).

**Lögfræði, bókhald, rekstrarráðgjöf og almannatengsl (kóði 274)**

Nær yfir lögfræðipjónustu (kóði 275), bókhald, endurskoðun og skattaráðgjöf (kóði 276) og fyrirtækja- og rekstrarráðgjöf og almannatengslapjónustu (kóði 277).

**Lögfræðipjónusta (kóði 275)**

Nær yfir lögfræðiráðgjöf og málflutningsþjónustu í öllum dómsmálum og lagalegum málarekstri, samningu lagaskjala og löggerninga, vottunarráðgjöf og vörslu- og uppgjörsþjónustu.

**Bókhald, endurskoðun og skattaráðgjöf (kóði 276)**

Nær yfir skráningu á viðskiptum fyrirtækja og annarra, skoðun á bókhaldsfærslum og reikningsskilum, skattaáætlanir og -ráðgjöf fyrir fyrirtæki og gerð skattskýrslna.

**Fyrirtækja- og rekstrarráðgjöf og almannatengslaþjónusta (kóði 277)**

Nær yfir ráðgjafar-, leiðbeininga- og rekstrarþjónustu við fyrirtæki vegna viðskiptastefnu og -áætlana og heildarskipulagningar, -uppgyggings og -stjórnunar fyrirtækja. Innifalin eru ráðgjöf við stjórnunarúttekt, markaðsstjórnun, mannauðsmál, framleiðslustjórnun og verkefnastjórnun og ráðgjafar-, leiðbeininga- og rekstrarþjónusta sem tengist því að bæta ímynd viðskiptavinna samskipti þeirra við stofnanir og almenning.

**Auglýsingar, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir (kóði 278)**

Þjónustuviðskipti milli íbúa sem eru búsettur í landinu og aðila sem eru ekki búsettur í landinu. Nær yfir hönnun, gerð og markaðssetningu auglýsinga á vegum auglýsingastofa, birtingu í fjöldum, þar á meðal kaup og sölu á auglýsingaráymi, sýningaþjónustu á kaupstefnum, kynningu á vörum erlendis, markaðsrannsóknir, símasölu og gerð skoðanakannana um ýmis málefni.

**Rannsóknir og þróunarstarf (kóði 279)**

Nær yfir þjónustuviðskipti á milli íbúa sem eru búsettur í landinu og aðila sem eru ekki búsettur í landinu sem tengjast grunnrannsóknum, hagnýtum rannsóknum og þróunarstarfi á nýjum vörum og aðferðum.

**Arkitektaþjónusta, verkfræðiþjónusta og önnur tæknipjónusta (kóði 280)**

Nær yfir viðskipti á milli íbúa sem eru búsettur í landinu og aðila sem eru ekki búsettur í landinu sem tengjast hönnun á borgarskipulagi og öðrum þróunarverkefnum; áætlanagerð og verkefnahönnun og eftirlit með stíflum, brúm, flugvöllum, alverkum o.s.frv.; landmælingum, kortagerð, vöruprófun og -vottun; og tæknilegri skoðunarþjónustu.

**Landbúnaður, námugröftur og úrvinnsluþjónusta á vettvangi (kóði 281)**

Nær yfir sorpmeðhöndlun og afmengun (kóði 282) og landbúnað, námugröft og aðra úrvinnsluþjónustu á vettvangi (kóði 283).

**Sorpmeðhöndlun og afmengun (kóði 282)**

Felur í sér meðhöndlun á geislavirkum úrgangi og öðrum úrgangi, fjarlægingu á menguðum jarðvegi, hreinsun á mengun, að meðtöldum olíuleka, uppgræðslu á námasvæðum; og afmengunar- og hreinsunarþjónustu. Einnig er innifalin öll önnur þjónusta sem tengist hreinsun eða endurheimt umhverfisins.

**Landbúnaður, námugröftur og önnur úrvinnsluþjónusta á vettvangi (kóði 283)**

Nær yfir:

- a) þjónusta sem tengist landbúnaði, s.s. að láta í té landbúnaðartæki með áhöfn, vinna við uppskeru, meðferð nytjaplantna, plágueyðing, hýsing dýra, umönnun dýra og undaneldispjónusta. Tekur einnig til þjónustu við veiðar, gildrur, skógrækt, skógarhogg og fiskveiðar,
- b) námapjónusta sem veitt er við olíu- og gasvinnslusvæði, þar á meðal borun, smíði krana, viðgerðir og sundurhlutunarþjónusta og steypa olíu- og gaslindafóðringa. Tekur einnig til þjónustu sem tengist jarðefnaleit og rannsóknnum auk námuverkfræði og jarðfræðirannsókna,
- c) önnur úrvinnsluþjónusta á vettvungi sem nær yfir úrvinnslu á vörum á vettvangi eða vinnu við vörur, sem hafa verið fluttar inn, án þess að breytingar verði á eignarhaldi, unnar en ekki endurúfluttar til landsins sem vörurnar voru sendar frá (en eru þess í stað annaðhvort seldar í úrvinnsluhagkerfinu eða seldar þriðja hagkerfinu) eða öfugt.

**Önnur viðskiptaþjónusta (kóði 284)**

Nær yfir þjónustuviðskipti á milli íbúa sem eru búsettur í landinu og aðila sem eru ekki búsettur í landinu, s.s. vinnumiðlun, öryggis- og rannsóknarþjónustu, þýðingar og túlkun, ljósmyndaþjónustu, ræstingar á byggingum, fasteignaþjónustu við fyrirtæki og alla aðra viðskiptaþjónustu sem ekki er hægt að flokka með einhverri fyrnefndri starfsemi í viðskiptaþjónustu.

**Þjónusta við skyld fyrirtæki, ót..a. (kóði 285)**

Þetta er aukaflokkur. Hann nær yfir greiðslur á milli fyrirtækja fyrir þjónustu sem ekki er hægt að flokka sérstaklega með öðrum liðum. Í honum eru greiðslur frá útibúum, dótturfyrtækjum og tengdum fyrirtækjum til móðurfyrtækis eða annarra tengda fyrirtækja sem fela í sér framlög til almenns stjórnunarkostnaðar útibúanna, dótturfyrtækjanna og tengdu fyrirtækjanna (vegna áettlanagerðar, skipulagningar og eftirlits) og einnig endurgreiðslu útgjaldla sem móðurfyrtækin greiða beint. Einnig eru innifaldar millifærslu á milli móðurfyrtækja og útibúa, dótturfyrtækja og tengdra fyrirtækja til greiðslu á óbeinum kostnaði.

**Persónuleg þjónusta, menningar- og tómstundapjónusta (kóði 287)**

Nær yfir hljóð- og myndmiðlun og skylda þjónustu (kóði 288) og aðra persónulega þjónustu, menningar- og afþreyingarþjónustu (kóði 289).

**Hljóð- og myndmiðlun og skyld þjónusta (kóði 288)**

Nær yfir þjónustu og tengd gjöld sem tengjast framleiðslu á kvíkmyndum (á filmu eða myndbandi), útvarps- og sjónvarpsþáttum (í beinni útsendingu eða af bandi) og upptökur á tónlist. Innifaldar eru inn- og útgreiðslur fyrir leigu, þóknanir til leikara, framleiðenda o.s.frv. sem eru búsettur í landinu fyrir vinnu erlendis (eða aðila sem eru ekki búsettur í landinu fyrir vinnu sem unnin er í samantektarhagkerfinu), þóknanir fyrir dreifingarrétt sem seldur er til fjlölmíðla miðað við takmarkaðan fjölda birtunga á tilteknum svæðum og aðgang að læstum sjónvarpsrásum (s.s. kapalþjónustu). Þóknanir leikara, leikstjóra og framleiðenda sem tengjast leikhúss- og tónlistaruppfærslum, íþróttaviðburðum, fjölleikahúsum og svipuðum viðburðum og þóknanir fyrir dreifingarrétt (í sjónvarpi, útvarpi eða kvíkmyndum) á þessum viðburðum eru innifaldar.

**Önnur persónuleg þjónusta, menningar- og tómstundaþjónusta (kóði 289)**

Nær yfir þjónustu tengdri fræðslustarfsemi (kóði 895), heilbrigðisþjónustu (kóði 896) og aðra persónulega þjónustu, menningar- og tómstundaþjónustu, ótalda annars staðar (kóði 897).

**Þjónusta tengd fræðsluþjónustu (kóði 895)**

Nær yfir þjónustu á milli íbúa sem eru búsettir í landinu og aðila sem eru ekki búsettir í landinu sem tengist fræðslustarfsemi, s.s. bréfaskólum og fræðslu í sjónvarpi eða á Netinu auk kennara o.s.frv. sem veita beina þjónustu í gestgjafahagkerfunum.

**Heilbrigðisþjónusta (kóði 896)**

Nær yfir þjónustu sem læknar, hjúkrunarfræðingar og bráðatækna og sambærilegir starfsmenn veita, auk þjónustu rannsóknarstofa og sambærilegrar þjónustu, hvort sem hún er fjarþjónusta eða veitt á staðnum. Undanskilin eru öll útgjöld ferðamanna vegna fræðslustarfsemi og heilbrigðisþjónustu (innifalin í ferðaþjónustu).

**Annað í önnur persónuleg þjónusta, menningar- og tómstundaþjónusta (kóði 897)**

Þetta er aukaflokkur sem nær yfir aðra persónulega þjónustu, menningar- og tómstundaþjónustu (kóði 289), sem ekki er innifalin í þjónustu tengdri fræðslustarfsemi (kóði 895), og heilbrigðisþjónustu (kóði 896).

**Opinber þjónusta, ót. a. kóði 291)**

Þetta er aukaflokkur sem nær yfir viðskipti hins opinbera (að meðtöldum viðskiptum allþjóðastofnana) sem ekki eru innifalin í öðrum liðum í flokkun EBOPS (Extended Balance of Payments Services). Innifalin eru öll viðskipti (bæði með vörur og þjónustu) sendiráða, ræðisskrifstofa, hereininga og varnarstofnana við íbúa hagkerfa þar sem sendiráðin, ræðisskrifstofurnar, hereiningarnar og varnarstofnanirnar eru staðsettar og öll viðskipti við önnur hagkerfi. Undanskilin eru viðskipti við íbúa heimahagkerfanna sem sendiráðin, ræðisskrifstofurnar, hereiningarnar og varnarstofnanir eru í forsvari fyrir og viðskipti í verslunum og póststofum þessara sendiráða og ræðisskrifstofa.

Krafist er sundurliðunar þessa liðar í þjónustuviðskipti sendiráða og ræðisskrifstofa (kóði 292), þjónustuviðskipti eininga og deilda hers (kóði 293) og aðra opinbera þjónustu (kóði 294).

**TEKJUR (KÓÐI 300)**

Tekjur ná yfir tvennis konar viðskipti milli íbúa sem eru búsettir í landinu og aðila sem eru ekki búsettir í landinu: i) viðskipti sem fela í sér laun og launatengd gjöld sem greidd eru til starfsmanna sem eru ekki búsettir í landinu (t.d. starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri, starfsmanna í árstíðabundnum störfum og annarra starfsmanna með skammtímaráðningu) og ii) viðskipti sem fela í sér inn- og útgreiðslur vegna erlendra fjáreigna og fjárskulda.

### **Laun og launatengd gjöld (kóði 310)**

Laun og launatengd gjöld samanstanda af vinnulaunum, starfslaunum og öðrum starfskjörum, í peningum eða fríðu, sem einstaklingar vinna sér inn í öðrum hagkerfum en þeim sem þeir eru búsettr í með vinnu sem unnin er fyrir (og greidd af) íbúum þessara hagkerfa. Innifalin eru framlög sem launagreiðendur greiða fyrir hönd starfsmanna til almannatryggingakerfa eða einkarekinna trygginga- eða lífeyrissjóða (hvort sem er í séreignasjóðum eða ekki) til að tryggja bætur fyrir launþega.

### **Fjárfestingartekjur (kóði 320)**

Fjárfestingartekjur eru tekjur sem leiða af eignarhaldi á erlendum fjármunaeignum og sem íbúar sem búsettr eru í einu hagkerfi greiða íbúum sem búsettr eru í öðru hagkerfi. Fjárfestingartekjur fela í sér vexti, arðgreiðslur, greiðslu hagnaðar útibúa og beinan hlut fjárfesta í óráðstöfuðu eigin fó fyrirtækja í beinni fjárfestingu. Fjárfestingartekjur skulu flokkaðar í beina fjárfestingu, fjárfestingu í verðbréfasafni og aðrar fjárfestingar.

### **Tekjur af beinum fjárfestingum (kóði 330)**

Tekjur af beinum fjárfestingum, þ.e. tekjur af eigin fó og tekjur af skuldum, nái yfir tekjur sem beinn fjárfestir sem er búsettur í einu hagkerfi hefur af eign að beinni fjárfestingu í hlutabréfum fyrirtækis í öðru hagkerfi. Tekjur af beinum fjárfestingum eru settar fram á hreinum grunni bæði fyrir beinar fjárfestingar erlendis og í reikningsskilahagkerfinu (þ.e. inngreiðslur á tekjum af eigin fó og tekjum af skuldum að frádrénum útgreiðslum á tekjum af eigin fó og tekjum af skuldum fyrir hvern um sig). Tekjum af eigin fó er skipt í i) úthlutaðar tekjur (arð og úthlutaðan hagnað útibúa) og ii) endurfjárfestan hagnað og óráðstafaðan hagnað útibúa. Tekjur af skuldum eru vaxtagjöld af skuldum milli fyrirtækja, til/frá beinum fjárfestum frá/til tengdra fyrirtækja erlendis. Farið er með tekjur af forgangshlutum án eignarhluta sem vaxtatekjur fremur en arð og þær eru teknar með í tekjum af skuldum.

### **Arður og úthlutaður hagnaður útibúa (kóði 332)**

Arður, þ.m.t. arður af hlutabréfum, er dreifing tekna sem úthlutað er á hluti og annars konar hlutdeild í eigin fó skráðra einkafyrirtækja, samvinnufélaga og almennra hlutafélaga. Dreifðar tekjur geta verið arður af almennum hlutabréfum eða forgangshlutabréfum í eigu beinna fjárfesta í tengdum fyrirtækjum erlendis eða öfugt.

### **Endurfjárfestur hagnaður og óráðstafaður hagnaður útibúa (kóði 333)**

Endurfjárfestar tekjur samanstanda af beinum hlut fjárfesta, í hlutfalli við eignarhlut í eigin fó, í i) hagnaði sem erlend dótturfyrirtæki og tengd fyrirtæki ráðstafa ekki sem arði og ii) hagnaði sem útibú og önnur fyrirtæki, sem ekki hafa réttarstöðu lögaðila, greiða ekki til beinna fjárfesta. (Ef þessi hluti hagnaðar er ekki auðkenndur telst öllum hagnaði útibúa, samkvæmt venju, vera ráðstafað).

### **Tekjur af skuldum (kóði 334)**

Tekjur af skuldum samanstanda af vaxtagjöldum af skuldum milli fyrirtækja til/frá beinum fjárfestum frá/til tengdra fyrirtækja erlendis. Farið er með tekjur af forgangshlutum án eignarhluta sem vaxtatekjur, fremur en arð, og þær eru teknar með í tekjum af skuldum.

**Eigið fé og endurfjárfestur hagnaður erlendis (kóði 506)**

Eigið fé samanstendur af eigin fé í útibúum, öllum hlutum (með eða án atkvæðisréttar) í dótturfyrtækjum og tengdum fyrirtækjum (að frátöldum forgangshlutum án eignarhluta sem farið er með sem skuldabréf og falla undir annað beint fjárfestingarfjármagn) og öðrum hlutafjáframlögum. Endurfjárfestur hagnaður samanstendur af hlut beins fjárfestis (í hlutfalli við beinan eignarhlut) í hagnaði sem ekki er ráðstafað sem arði í dótturfyrtækjum eða tengdum fyrirtækjum og hagnaði útibúa sem ekki er greiddur til beins fjárfestis.

**Eigið fé og endurfjárfestur hagnaður í reikningsskilahagkerfinu (kóði 556)**

Eigið fé samanstendur af eigin fé í útibúum, öllum hlutum (með eða án atkvæðisréttar) í dótturfyrtækjum og tengdum fyrirtækjum (að frátöldum forgangshlutum án eignarhluta sem farið er með sem skuldabréf og falla undir annað beint fjárfestingarfjármagn) og öðrum hlutafjáframlögum. Endurfjárfestur hagnaður samanstendur af hlut beins fjárfestis (í hlutfalli við beinan eignarhlut) í hagnaði sem ekki er ráðstafað sem arði í dótturfyrtækjum eða tengdum fyrirtækjum og hagnaði útibúa sem ekki er greiddur til beins fjárfestis.

**Tekjur af fjárfestingum í verðbréfasöfnum (kóði 339)**

Tekjur af fjárfestingum í verðbréfasöfnum samanstanda af tekjufærslum á milli íbúa sem eru búsettir í landinu og aðila sem eru ekki búsettir í landinu og leiða af eign í hlutabréfum, skuldabréfum, víxlum og fjármálaskjölum á peningamarkaði. Þessum flokki er skipt í tekjur af eigin fé (arð) og tekjur af skuldum (vexti).

**Tekjur af öðrum fjárfestingum (kóði 370)**

Tekjur af öðrum fjárfestingum ná yfir innreiðslu vaxta og greiðslu á öllum öðrum kröfum (eignum) íbúa sem eru búsettir í landinu á hendur og skuldum við aðila sem eru ekki búsettir í landinu. Í þessum flokki eru einnig, að meginreglu, reiknaðar tekjur heimila af hreinni eign í líftrygginga- og lifeyrissjóðum. Vextir af eignum samanstanda af vöxtum af langtímalánum og skammtimalánum, innlánnum, öðrum viðskipta- og fjákröfum og stöðu hagkerfis lánveitanda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Vextir af skuldum ná yfir vexti af lánum, innlánum og öðrum kröfum ásamt vöxtum í tengslum við notkun á lánheimildum og lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Einig innifaldir eru vextir sem greiddir eru Alþjóðagjaldeyrissjóðnum af handhöfn sjóðsins í sérstökum dráttarréttindum á almennum fjármagnsreikningi.

**Rekstrartilfærslur (kóði 379)**

Rekstrartilfærslur eru jöfnunarliðir á móti einhliða viðskiptum þar sem ein efnahagseining lætur annarri efnahagseiningu í té raunverulega fjármuni eða fjárhagsliði án þess að fá raunverulega fjármuni eða fjárhagsliði í staðinn. Þessir fjármunir eru notaðir um leið og tilfærslan fer fram eða skómmu eftir það. Rekstrartilfærslur eru allar tilfærslur sem ekki eru fjármagnstilfærslur. Rekstrartilfærslur eru flokkaðar eftir geirum samantektarhagkerfisins í opinber yfirvöld og aðra geira.

### Færslur hins opinbera (kóði 380)

Færslur hins opinbera samanstanda af núverandi alþjóðasamstarfi og ná yfir rekstrartilfærslur, í reiðufé eða friðu, á milli ríkisstjórnna mismunandi hagkerfa eða á milli ríkisstjórnana og alþjóðastofnana.

### Aðrir geirar (kóði 390)

Rekstrartilfærslur á milli annara geira hagkerfis og aðila með eru ekki búsettir í landinu samanstanda af þeim tilfærslum sem verða á milli einstaklinga, á milli frjálsra stofnana og félagsamtaka (eða á milli þessa tveggja hópa) eða á milli opinberra stofnana erlendis og einstaklinga eða frjálsra félagastofnana.

### Fjármagnsreikningur (kóði 994)

Fjármagnsreikningurinn nær yfir allar tilfærslur sem fela í sér inn- eða útgreiðslu fjármagnstilfærsla og kaup/ráðstöfun á óframleiddum ófjárhagslegum eignum.

### Fjárhagsreikningur (kóði 995)

Fjárhagsreikningurinn nær yfir allar færslur sem tengjast breytingum á eignarhaldi á erlendum fjáreignum og skuldum hagkerfis. Til slíkra breytinga teljast stofnun og uppgjör krafna á hendur eða frá öðrum stöðum í heiminum. Allir þættir eru flokkaðir eftir gerð fjárfestingar eða eftir nothaefisflokkun (bein fjárfesting, fjárfesting í verðbréfasöfnum, fjárhagslegar afleiður, aðrar fjárfestingar, varasjóðseignir).

### BEINAR FJÁRFESTINGAR (KÓÐI 500)

Beinar fjárfestingar erlendis er sá flokkur alþjóðlegra fjárfestinga sem endurspeglar markmið aðila sem er búsettur í einu hagkerfi (beins fjárfestis) sem nær varanlegum hluta í fyrirtæki sem er í öðru hagkerfi en fjárfestirinn (fyrirtæki í beinni fjárfestingu). „Varanlegur hluti“ víesar til þess að til sé langvarandi samband á milli beina fjárfestisins og fyrirtækisins og að fjárfestirinn hafi umtalsverð áhrif á stjórnun fyrirtækis í beinni fjárfestingu. Bein fjárfesting samanstandur af upphaflegu viðskiptunum á milli aðilanna tveggja, þ.e. viðskiptunum sem komu á beinu fjárfestingartengslunum og öllum síðari viðskiptum á milli þeirra og á milli tengdra fyrirtækja, bæði með og án stöðu lógaðila.

### Beinar fjárfestingar erlendis (kóði 505)

Beinar fjárfestingar eru flokkaðar fyrst og fremst eftir stefnu, beinar fjárfestingar íbúa í landinu í öðrum löndum og fjárfestingar aðila sem er ekki búsettur í landinu í reikningsskilahagkerfinu.

### Eigið fé (kóði 510)

Eigið fé samanstandur af eigin fé í útibúum, öllum hlutum (með eða án atkvæðisréttar) í dótturfyrirtækjum og tengdum fyrirtækjum (að frátöldum forgangshlutum án eignarhluta sem farið er með sem skuldabréf og falla undir annað beint fjárfestingarfjármagn) og önnur hlutafjárframlög. Eigið fé nær einnig yfir kaup fyrirtækis með beint fjárfestingu á hlutum í beina fjárfestinum á því.

**Endurfjárfestur hagnaður (kóði 525)**

Endurfjárfestur hagnaður samanstendur af hlut beins fjárfestis (í hlutfalli við beinan eignarhlut) í hagnaði sem ekki er ráðstafað sem arði af dótturfyrtækjum eða tengdum fyrirtækjum og hagnaði útibúa sem ekki er greiddur til beins fjárfestis. Þessi endurfjárfesti hagnaður er færður sem tekjur með fjármagnshreyfingu á móti.

**Önnur bein fjárfesting í hlutabréfum (kóði 530)**

Önnur bein fjárfesting í hlutabréfum (eða skuldaðarslur á milli fyrirtækja) nær yfir lántökur og útlán á fjármunum, þ.m.t. skuldabréf, lánsfrestur birgja og forgangshlutir án eignarhluta (sem farið er með sem skuldabréf) á milli beinna fjárfesta og dótturfyrtækja, útibúa og tengdra fyrirtækja. Skuldakröfur fyrirtækis í beinni fjárfestingu á hendur beins fjárfestis eru einnig færðar sem bein fjárfesting í hlutabréfum.

**Beinar fjárfestingar í reikningsskilahagkerfinu (kóði 555)**

Beinar fjárfestingar eru flokkaðar fyrst og fremst eftir stefnu, beinar fjárfestingar þeirra sem eru búsettir í landinu í öðrum löndum og fjárfestingar þeirra sem eru ekki búsettir í landinu í reikningsskilahagkerfinu.

**Eigið fé (kóði 560)**

Eigið fé samanstendur af eigin fé í útibúum, öllum hlutum (með eða án atkvæðisréttar) í dótturfyrtækjum og tengdum fyrirtækjum (að fráoldum forgangshlutum án eignarhluta sem farið er með sem skuldabréf og falla undir annað beint fjárfestingarfjármagn) og önnur hlutafjárframlög. Eigið fé nær einnig yfir kaup fyrirtækis með beinni fjárfestingu í hlutum í beina fjáfestinum.

**Endurfjárfestur hagnaður (kóði 575)**

Endurfjárfestur hagnaður samanstendur af hlut beins fjárfestis (í hlutfalli við beinan eignarhlut) í hagnaði sem ekki er ráðstafað sem arði í dótturfyrtækjum eða tengdum fyrirtækjum og hagnaði útibúa sem ekki er greiddur til beins fjárfestis. Þessi endurfjárfesti hagnaður er færður sem tekjur með eiginfjárfærslu á móti.

**Önnur bein fjárfesting í hlutabréfum (kóði 580)**

Önnur bein fjárfesting í hlutabréfum (eða skuldaðarslur á milli fyrirtækja) nær yfir lántökur og útlán á fjármunum, þar á meðal skuldabréf, lánsfrestur birgja og forgangshlutir án eignarhluta (sem farið er með sem skuldabréf) á milli beinna fjárfesta og dótturfyrtækja, útibúa og tengdra fyrirtækja. Skuldakröfur fyrirtækis í beinni fjárfestingu á hendur beins fjárfestis eru einnig færðar sem bein fjárfesting í hlutabréfum.

**FJÁRFESTINGAR Í VERÐBRÉFASÖFNUM (KÓÐI 600)**

Fjárfestingar í verðbréfasöfnum ná yfir viðskipti með hlutabréf og skuldabréf. Skuldabréfum er skipt í skuldabréf og víxla, fjármálaskjöl á peningamarkaði og afleiður þegar afleiðurnar mynda fjárkröfur og skuldir. Nema þær séu flokkaðar sem beinar fjárfestingar eða varasjóðseignir.

**Afleiður (kóði 910)**

Afleiðusammingur er fjármálaskjal sem er tengt öðru fjármálaskjali eða vísi eða hrávöru og sem hægt er að nota til að versla með tiltekna fjármálaáhættu (s.s. vaxtaáhættu, gengisáhættu, hlutafjár- og hrávöruverðsáhættu o.s.frv.) á fjármálamörkuðum.

**AÐRAR FJÁRFESTINGAR (KÓÐI 700)**

Liðurinn aðrar fjárfestingar er skilgreindur sem aukaflokkur sem í eru allar fjármálaferslur sem ekki falla undir beinar fjárfestingar, fjárfestingar í verðbréfasöfnum, afleiðum eða varasjóðsreikningum.

---